

## AUGLÝSING

### um staðfestingu á breytingu á svæðisskipulagi Héraðssvæðis 1998-2010, Fljótsdalshreppur.

Samkvæmt 2. mgr. 14. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 20. apríl 2004 staðfest breytingu á svæðisskipulagi Héraðssvæðis 1998-2010 frá 31. ágúst 2001.

Breytingarnar eru eftirfarandi:

- Blönduð landnotkun, verslunar- og þjónustusvæði og íbúðarsvæði verður afmarkað í landi Eyrarlands og Bessastaða.
- Gatnamót Fljótsdalsveggar 933 og Austurleiðar inn Fljótsdalsheiði F910 við Bessastaði færast norðar.
- Blönduð landnotkun, verslunar- og þjónustusvæði og opið svæði til sérstakra nota og þjónustustofnun verður afmarkað við Végarð.
- Frístundabyggð verður í landi Brekkugerðis, Brekku og Víðivalla fremri.
- Opið svæði til sérstakra nota (með bátalægi) er skilgreint á Húsatanga í landi Brekkugerðishúsa og móttökusvæði skógræktarinnar í Víðivallaskógi.
- Staðfestar eru tillögur úr sérstöku svæðisskipulagi vegna Kárahnjúka, s.s. spennistöð í landi Hamborgar, dælustöð, skurðir og flóðvarnarmannvirki.
- Lega Múlavegar 934 og Norðurdalsveggar 9340 við Langhús og innan við Valþjófsstað breytist og aðlagast fyrirhuguðum virkjunarmannvirkjum.
- Gert er ráð fyrir tveimur iðnaðarsvæðum sem verða úrvinnslusvæði skógarafurða við Valþjófsstað og í landi Víðivalla ytri.
- Hlið Valþjófsstaðafjalls frá Valþjófsstað upp af Skriðuklaustri að Bessastaðaárgili verður hverfisvernduð.
- Sýnd er lega ljósleiðara frá Egilsstöðum að stöðvarmannvirkjum í Fljótsdal og að Kárahnjúkum.
- Afmörkun iðnaðarsvæðis vegna mannvirkja Kárahnjúkavirkjunar í Fljótsdal er aðlöguð framsetningu í deiliskipulagi.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Fljótsdalshrepps. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breyting þessi öðlast þegar gildi.

*Umhverfisstjórnuneytinu, 20. apríl 2004.*

F. h. r.

**Ingimar Sigurðsson.**

*Ingibjörg Halldórsdóttir.*